

AUGLÝSING

um Norðurlandasamning um samstarf í samkeppnismálum.

Hinn 8. september 2017 var gerður í Helsinki samningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um samstarf í samkeppnismálum. Hinn 9. janúar 2018 var með orðsendingu vörsluaðila leiðrétt röng tilvísun í grænenska löggjöf í enskri útgáfu viðauka við samninginn. Danska utanríkisráðuneytinu var afhent staðfestingarskjal Íslands 23. júní 2020.

Gildistöku dagur samningsins, hvað Ísland varðar, er 23. júlí 2020 að undanskilinni 5. gr. samningsins en tilkynnt verður síðar um gildistöku þess ákvæðis gagnvart Íslandi.

Samningurinn kemur í stað eldri samnings, milli ríkjanna, um samstarf í samkeppnismálum frá 16. mars 2001, svo og breytingar á þeim samningi frá 9. apríl 2003, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 11/2001 og nr. 19/2003.

Nýi samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 23. september 2021.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal.SAMNINGUR
UM SAMSTARF Í SAMKEPPNISMÁLUM

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, hér eftir nefndar „aðilar“, með hliðsjón af fyrirliggjandi samningi á milli Danmerkur, Íslands, Noregs og Svíþjóðar frá 16. mars 2001 og 9. apríl 2003 um samstarf í samkeppnismálum, með hliðsjón af tillögum OECD-ráðsins varðandi alþjóðlegt samstarf við rannsóknir og meðferð samkeppnismála frá 16. september 2014,

þar sem:

aðilar hafa komið sér saman um eftirfarandi í því skyni að efla og reglubinda samstarfið milli samkeppnisyfirvalda sinna til að tryggja skilvirka framkvæmd samkeppnislöggjafar í hverju ríki fyrir sig:

- að taka þátt í skilvirku samstarfi og grípa til viðeigandi rástafana til að lágmarka beinar eða óbeinar hindranir í vegi skilvirks samstarfs samkeppnisyfirvalda aðila.
- að alla jafna ætti aðili að upplýsa annan aðila um það þegar viðbúið er að rannsókn eða málsmeðferð hafi áhrif á mikilvæga hagsmuni þessa annars aðila.
- að ef tveir eða fleiri aðilar rannsaka eða reka mál vegna sömu, eða tengdra, samkeppnishamlandi athafna eða samruna, skuli þeir leitast við að samræma rannsóknir sínar eða málarekstur að því leyti sem samkeppnisyfirvöld þeirra eru sammála um að það þjóni hagsmunum þeirra.
- að þegar unnið er með öðrum aðilum skuli aðilar, þegar það á við og því verður við komið, láta hver öðrum í té viðeigandi upplýsingar sem gera samkeppnisyfirvöldum þeirra kleift að rannsaka og grípa til viðeigandi og skilvirkra ráðstafana varðandi samkeppnishamlandi athafnir og samruna.
- að óháð því hvort tveir eða fleiri aðilar reki mál gegn sömu, eða tengdum, samkeppnishamlandi athöfnum eða samruna, skuli aðilar styðja hver annan í aðgerðum sínum með því að veita hver öðrum aðstoð við rannsókn að því leyti sem það á við og því verður við komið með tilliti til tiltækra úrræða og forgangsröðunar, telji samkeppnisyfirvöld aðila slíkt eiga við.

HAFA SAMÞYKKT ÞENNAN SAMNING:

1. gr.

Orðskýringar.

Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

„Samkeppnisyfirvöld“ merkir þá stofnun hjá viðkomandi aðila sem ber ábyrgð á að framfylgja samkeppnisreglum aðilans og reglum um samrunaefirlit;

„Samkeppnisreglur“ vísar til 101. eða 102. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU) og/eða 53. eða 54. gr. EES-samningsins og/eða sambærilegra innlendra samkeppnisreglna sem hver aðili gefur upp á lista í viðauka við samning þennan, sem samkeppnisyfirvöld aðila uppfæra með reglubundnum hætti;

„Trúnaðarupplýsingar“ vísar til upplýsinga, hverra birting er annaðhvort bönnuð eða takmörkuð samkvæmt lögum, reglum eða stefnu aðila, þ.e. óopinberra viðskiptaupplýsinga, hverra birting getur skaðað lögmæta viðskiptahagsmuni fyrirtækis;

„Reglur um samrunaefirlit“ vísar til reglna í samkeppnislöggjöf aðila um samruna, yfirtökur, samreksstur eða nokkurt annað form á samsteypu á rekstri sem fellur undir svið og skilgreiningar samkeppnislöggjafar aðila. Hver aðili um sig skal uppfæra með reglubundnum hætti lista, í viðauka við samning þennan, með tilvísun til reglna um samruna í samkeppnislöggjöf aðila.

2. gr.

Tilkynningar um samkeppnisrannsóknir, málarekstur og samruna.

Samkeppnisyfirvöld aðila skulu hafa vald til þess að tilkynna samkeppnisyfirvöldum annars aðila um það þegar viðbúið er að rannsókn eða málsmeðferð hafi áhrif á mikilvæga hagsmuni þessa annars aðila. Kringumstæður sem kunna að réttlæta tilkynningu eru meðal annars, en takmarkast ekki við;

- a) þegar formlega er sóst eftir óopinberum upplýsingum sem fyrirfinnast í lögsögu annars aðila;
- b) rannsókn fyrirtækis sem staðsett er eða er með starfsemi í lögsögu annars aðila eða sem rekið er samkvæmt lögum annars aðila;
- c) rannsókn á háttsemi sem að öllu leyti eða hluta á sér stað í lögsögu annars aðila eða sem ríkisstjórn annars aðila hefur krafist, hvatt til eða samþykkt;
- d) þegar til skoðunar er að beita úrræðum sem myndu krefjast eða koma í veg fyrir háttsemi í lögsögu annars aðila;
- e) samruna sem heyrir undir lögsögu annars aðila; eða
- f) samruna þar sem einn eða fleiri þátttakendur í viðskiptunum eru fyrirtæki sem staðsett eru eða eru með starfsemi í lögsögu annars aðila eða sem rekin eru samkvæmt lögum annars aðila.

Þau samkeppnisyfirvöld sem senda frá sér tilkynninguna skulu hafa fullt frelsi til að taka endanlega ákvörðun en skulu þó taka tillit til þeirra sjónarmiða sem samkeppnisyfirvöld hins aðilans kunna að vilja koma á framfæri.

3. gr.

Upplýsingaskipti.

Samkeppnisyfirvöld aðila skulu hafa vald til þess að veita hver öðrum og nota til sönnunar hvers konar upplýsingar um staðreyndir og lagaatriði í því skyni að framfylgja samkeppnisreglum og reglum um samrunaefirlit.

Upplýsingar sem skipst er á skulu einungis notaðar til sönnunar og í tengslum við það viðfangsefni sem var tilefni þess að þær voru teknar saman hjá yfirvaldinu sem sendir upplýsingarnar.

4. gr.

Beiðnir um upplýsingar.

Samkeppnisyfirvöld aðila geta, í lögsögu sinni, óskað eftir upplýsingum samkvæmt landslögum sínum fyrir hönd og á vegum samkeppnisyfirvalda annars aðila, til þess að þau samkeppnisyfirvöld sem eftir upplýsingum óska geti framfylgt samkeppnisreglum eða reglum um samrunaefirlit. Öll upplýsingaskipti eða notkun á upplýsingum skal fara fram í samræmi við 3. gr.

5. gr.

Vettvangsrannsóknir.

Samkeppnisyfirvöld aðila geta, í lögsögu sinni, framkvæmt vettvangsrannsóknir eða aðrar aðgerðir til gagnasöfnunar samkvæmt landslögum sínum fyrir hönd og á vegum samkeppnisyfirvalda annars aðila, í því skyni að komast að því hvort samkeppnisreglur þessa annars aðila sem óski þess, hafi verið brotnar. Öll upplýsingaskipti eða notkun á upplýsingum skal fara fram í samræmi við 3. gr.

Fulltrúar þeirra samkeppnisyfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd vettvangsrannsóknarinnar, sem og þeir sem hafa frá þeim heimild eða eru tilnefndir af þeim, skulu framkvæma vald sitt í samræmi við landslög sín.

Óski samkeppnisyfirvöld í þeirri lögsögu þar sem framkvæma á vettvangsrannsóknina eftir slíku, geta fulltrúar og aðrir aðilar sem þau samkeppnisyfirvöld sem óska eftir vettvangsrannsókninni viðurkenna aðstoðað fulltrúa viðkomandi samkeppnisyfirvalda.

6. gr.

Formkröfur.

Aðilar skulu skriflega tilkynna hver öðrum um breytingar á samkeppnislöggjöf eða annarri löggjöf sem verða eftir gerð þessa samnings sem kunna að hafa áhrif á samninginn.

7. gr.
Gildistaka.

Samningur þessi skal vera háður fullgildingunni, staðfestingu eða samþykki aðila í samræmi við stjórnskipulegar kröfur þeirra. Samningurinn öðlast gildi á þrítugasta degi eftir þann dag þegar aðilar hafa lagt fram tvö fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjöl. Fyrir hvern aðila sem fullgildir, staðfestir eða samþykkir samninginn eftir að annað fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjalið hefur verið lagt fram, öðlast samningurinn gildi á þrítugasta degi eftir að aðilinn hefur lagt fram fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjal sitt.

Hvað Ísland varðar skal 5. gr. þessa samnings aðeins öðlast gildi 30 dögum eftir að ríkisstjórn Íslands hefur upplýst utanríkisráðuneyti Danmerkur um slíkt. Utanríkisráðuneyti Danmerkur skal upplýsa aðila um móttöku slíkra skilaboða og um þá dagsetningu sem 5. gr. öðlast gildi hvað Ísland varðar.

Hvað Færeyjar varðar skal samningurinn aðeins öðlast gildi 30 dögum eftir að ríkisstjórn Danmerkur hefur upplýst utanríkisráðuneyti Danmerkur um slíkt. Utanríkisráðuneyti Danmerkur skal upplýsa aðila um móttöku slíkra skilaboða og um þá dagsetningu sem samningurinn öðlast gildi hvað Færeyjar varðar.

Hvað Grænland varðar skulu 4. og 5. gr. aðeins öðlast gildi 30 dögum eftir að ríkisstjórn Danmerkur hefur upplýst utanríkisráðuneyti Danmerkur um slíkt. Utanríkisráðuneyti Danmerkur skal upplýsa aðila um móttöku slíkra skilaboða og um þá dagsetningu sem 4. og 5. gr. öðlast gildi hvað Grænland varðar.

Samningur þessi kemur í stað norræns samnings um samstarf í samkeppnismálum frá 16. mars 2001 og frá 9. apríl 2003.

8. gr.
Endurskoðun og uppsögn.

Taka má samninginn til endurskoðunar hvenær sem er.

Hverjum aðila um sig er heimilt að segja sig frá samningnum með því að senda skriflega tilkynningu þar að lútandi, þar sem tilgreind er dagsetning gildistöku uppsagnarinnar, eftir diplómatiskeum leiðum til vörsluaðila með að minnsta kosti sex mánaða fyrirvara. Uppsögn samningsins skal ekki hafa áhrif á framkvæmd hans hvað eftirstandandi aðila varðar.

9. gr.
Vörsluaðili.

Fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjöl skulu afhent ríkisstjórn Danmerkur sem skal vera vörsluaðili samningsins og afhenda aðilum staðfest afrit af textanum.

Þessu til staðfestingar hafa undirrituð, sem hafa til þess fullt umboð ríkisstjórna sinna, skrifað undir samning þennan.

Gjört í Helsinki þann 8. september 2017 í einu eintaki á ensku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku sem afhenda skal vörsluaðila sem mun afhenda aðilum staðfest afrit.

Ef enskur texti þessa samnings stangast á við hinn danska, finnska, íslenska, norska og sænska texta skal enski textinn gilda.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Danmerkur, að meðtöldum ríkisstjórnnum Færeyja og Grænlands
Jakob Hald
forstjóri

Fyrir hönd ríkisstjórnar Færeyja
Jógvan Thomsen
forstjóri

Fyrir hönd ríkisstjórnar Grænlands
Nicolai Odgaard Jensen
forstjóri

Fyrir hönd ríkisstjórnar Finnlands
Johani Jokinen
forstjóri

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands
Páll Gunnar Pálsson
forstjóri

Fyrir hönd ríkisstjórnar Noregs
Lars Sørgard
forstjóri

Fyrir hönd ríkisstjórnar Svíþjóðar
Rikard Jermsten
forstjóri

VIÐAUKI
við samning um samstarf í samkeppnismálum

Innlend samkeppnislöggjöf

Danmörk:

- 101. gr. SUSE/53. gr. EES: Konkurrenceloven §§ 6-10
- 102. gr. SUSE/54. gr. EES: Konkurrenceloven § 11
- Samrunareglur: Konkurrenceloven §§ 12-12h

Færeyjar:

- 101. gr. SUSE/53. gr. EES: Løgtingslóg nr. 35 frá 3. mai 2007 um kapping, sum broytt við løgtingslóg nr. 35 frá 27. apríl 2012 (Kappingarlógin), §§ 6-10
- 102. gr. SUSE/54. gr. EES: Løgtingslóg nr. 35 frá 3. mai 2007 um kapping, sum broytt við løgtingslóg nr. 35 frá 27. apríl 2012 (Kappingarlógin), § 11
- Samrunareglur: Løgtingslóg nr. 35 frá 3. mai 2007 um kapping, sum broytt við løgtingslóg nr. 35 frá 27. apríl 2012 (Kappingarlógin), §§ 13-18b

Grænland:

- 101. gr. SUSE/53. gr. EES: Unammilleqatigiinneq pillugu Inatsisartut inatsisaat nr. 1, 15. maj 2014-imeersoq (unammilleqatigiinnermut inatsit) §§ 6-10 | Inatsisartutlov nr. 1 af 15. maj 2014 om konkurrence (konkurrenceloven) §§ 6-10
- 102. gr. SUSE/54. gr. EES: Unammilleqatigiinneq pillugu Inatsisartut inatsisaat nr. 1, 15. maj 2014-imeersoq (unammilleqatigiinnermut inatsit) § 11 | Inatsisartutlov nr. 1 af 15. maj 2014 om konkurrence (konkurrenceloven) § 11
- Samrunareglur: Unammilleqatigiinneq pillugu Inatsisartut inatsisaat nr. 1, 15. maj 2014-imeersoq (unammilleqatigiinnermut inatsit) §§ 15-23 | Inatsisartutlov nr. 1 af 15. maj 2014 om konkurrence (konkurrenceloven) §§ 15-23

Finnland:

- 101. gr. SUSE/53. gr. EES: Kilpailulain 5 §, 12.8.2011/948
- 102. gr. SUSE/54. gr. EES: Kilpailulain 7 §, 12.8.2011/948
- Samrunareglur: Kilpailulain 4 luku, 12.8.2011/948

Ísland:

- 101. gr. SUSE/53. gr. EES: 10. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005
- 102. gr. SUSE/54. gr. EES: 11. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005
- Samrunareglur: 17. gr. og 17. gr. a – 17. gr. e samkeppnislaga, nr. 44/2005

Noregur:

- 101. gr. SUSE/53. gr. EES: Konkurranseloven av 5. mars 2004 nr. 12 § 10
- 102. gr. SUSE/54. gr. EES: Konkurranseloven av 5. mars 2004 nr. 12 § 11
- Samrunareglur: Konkurranseloven av 5. mars 2004 nr. 12 §§ 16 og 16a

Svíþjóð

- 101. gr. SUSE/53. gr. EES: 2 kap. 1 § konkurrenslagen (2008:579)
- 102. gr. SUSE/54. gr. EES: 2 kap. 7 § konkurrenslagen (2008:579)
- Samrunareglur: 4 kap. 1 § konkurrenslagen (2008:579)